

# Akraneskaupstaður

Skjal nr.	Mótt. af	Mótt. dags.
17	Gjó	20. JAN. 2021
Ábm.	Úrv. aðlli	Málsnr. One
St. 1	SAS	2101213

Akranesi 19.01 2021

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar / bæjarráð.

**Efni: Mótmaelli við ákvörðun Akranesbæjar um að hefja gjaldtöku af eldri borgurum og öryrkjum á sundstöðum bæjarins 2021.**

**Sendandi : Stjórn FEBAN.**

Við hefðum gjarnan viljað að erindi nýs árs væri skemmtilegra en það sem hér um ræðir.

Umræðan um þessa gjaldtöku hefur væntanlega ekki farið fram hjá bæjarfulltrúum Akranesbæjar.

Málið er okkur skylt og margir hafa komið til okkar til að lýsa óánægju sinni með þessa ákvörðun. Þar með er afnuminn mikilvægur stuðningur bæjarins í að viðhalda og bæta líkamlega og andlega heilsu margra. Marga í okkar hópi munar um hverja krónu. Nú er Akraneskaupstraður í samstarfssverkefninu „Heilsueflandi samfélag“. Þessi ákvörðun skýtur skökku við í því samhengi. Allir eru sammála um að bætt heilsa og líðan eru ómetanleg til fjár en andstæðan er kostnaðarauki bæði á einstaklinga og samfélagið. Spryja má hver er ávinnungur af þessari ákvörðun í kirónum talið ? Hvers vegna ákveður bæjarstjórn Akraness að hefja gjaldtöku þegar Borgarbyggð er að leggja hana af og önnur bæjarfélög svo sem Mosfellsbær , Kópavogur ,Hafnarfjörður, Árborg og mörg önnur bæjarfélög ákveða að styðja sína eldri borgara áfram með því að veita þeim gjaldfrían aðgang að sundstöðum og jafnvel þreksölum.

Þessi ákvörðun kom illa við þá sem stunda sundstaði bæjarins . Þeir mættu á nýju ári fullir bjartsýni með hækkandi sól . Þá er þeim tilkynnt að þeir eigi að borga . Þetta er ekki vel gert.

Á sl. ári voru 2 bæjarfélög á Íslandi réttu megin við strikið í fjárhagsstöðu samkvæmt fréttum. Akranes er annað þeirra. Það voru góðar fréttir. Hvað rekur bæinn til að sækja peninga í vasa okkar félaga?

Stjórn FEBAN lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá afstöðu sem fram kemur með þessari ákvörðun og skorar á bæjarfulltrúa að endurmeta stöðuna og fella strax niður þessa gjaldtöku.

Með ósk um farsælt samstarf á nýju ári.

Virðingarfyllst stjórn FEBAN

Viðar Einarsson formaður sími 894 0027